

## **Kafli 5.3 – Femínismi.**

### **Spurningar úr efni bls. 141-149.**

1. Á hverju grundvallast femínismi?
2. Hvers vegna gagnrýnir femínismi öll hefðbundin sjónarhorn félagsfræðinnar?
3. Í hverju er helsta gagnrýni femínisma á hefðbundna félagsfræði fólgin?
4. Hver eru helstu verkefni femínisma?
5. Hvert var framlag Mary Wollstonecraft til femínisma?
6. Hvert var framlag Johns Stuart Mill til femínisma?
7. Hvaða bók skrifaði Simone de Beauvoir og hvað þýðir það að hún hafi gagnrýnt eðlishyggju?
8. Hvernig tók Simone de Beauvoir hugmyndir Hegels og yfirfærði þær á samband karls og konu?
9. Simone de Beauvoir var tilvistarspekingur. Hvað meinar hún með því að konur taki þátt í eigin kúgun?
10. Hvaða bók ritaði Katherine Millett, og hvaða gagnrýni kom hún á framfæri í þeirri bók?
11. Hver eru sjónarmið róttækra femínista?
12. Hver eru sjónarmið marxískra femínista?

13. Hver var hugmynd Friedrichs Engels um feðraveldið og hjónabandið?
14. Við hvað starfaði Harriet Martineau aðallega?
15. Martineau skrifaði mikið um menntamál og uppeldismál. Hverju hélt hún fram á þessum sviðum?
16. Um hvað fjallar bók Harriet Martineau, *Samfélag í Ameríku*?
17. Um hvað fjallar bók Harriet Martineau, *Um rannsókn á lífsvenjum og siðferði*, og hvað er merkilegt við þá bók?
18. Hvaða rit í félagsfræði þýddi Harriet Martineau yfir á ensku við góðan orðstír?
19. Hvað þýðir það að Harriet Martineau hafi verið aðgerðasinni?
20. Hvaða starfsemi var rekin í Hull House í Chicago, og hver stóð að baki þeirri starfsemi?
21. Á hvaða hugmyndafræði og hugsjónum hvíldi starfsemi Hull House?
22. Um hvað fjallar ritið, *Kort og ritgerðir frá Hull House* (1895)?
23. Hvaða áhrif höfðu hugmyndir Comtes á Jane Addams?
24. (Hópverkefni) Femínismi leggur áherslu á að tengja saman fræðimennsku og stjórnsmál til þess að breyta samfélaginu. Ekki

eru þó allar stefnur í félagsfræði sammála því. Lesið samræðuna við Sir Ralf Dahrendorf: Kenning og starf (bls. 149) og reynið að útskýra muninn á því að blanda annars vegar saman stjórnámálum og vísindum og hins vegar að halda stjórnámálum og vísindum aðskildum.